

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	3.6.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Freysteinsson	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik vegna geymslu úrgangs utan lóðar. Einnig er gerð athugasemd vegna rykmengunar við löndun súrális og álflúoríðs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram að loknum samráðsfundi þar sem farið var yfir umhverfismál fyrirtækisins og niðurstöður mælinga og vöktunar fyrir árið 2014 en rekstraraðili vinnur nú að fundargerð samráðsfundarins.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

- Úrgangsmál: Útflutningsleyfi, geymsla spilliefna sem bíða útflutnings á lóð og móttökuaðilar
- SO₂ í súráli, útreikningar og sýnataka
- Kerskálar: umgengni við ker og umbótaverkefni
- Úrbætur vegna vegna glussaleka í steypuskála.
- PFC: óvenjuhátt sl ár. Ástæður og viðbrögð

Eftirlitsfundurinn hófst á því að farið var yfir úrgangsmál. Sjónarás (áður Gámaþjónusta Austurlands) sér um söfnunarsvæði fyrir úrgang á lóð Alcoa og halda utan um skráningar og flokkun úrgangsins.

Nýr endurvinnsluaðili í Bretlandi tekur nú við kerbrotum en við breytinguna safnaðist meira magn af kerbrotum á lóð Alcoa en vanalega. Auk þess féll til meira magn af kerbrotum árið 2014 þar sem að endurnýja þurfti mikið af kerjum það árið. Búið er að flytja út stærsta hluta þeirra birgða af kerbrotum sem söfnuðust tímabundið upp á lóðinni.

Umfram raflausn sem er tappað af kerjum, skautleyfar, ryk frá skautsmiðju og álfleytur eru fluttar út til endurvinnslu. Straumteinar eru að hluta til endurunnir hér á landi í GMR endurvinnslu en að hluta til erlendis. Almennur úrgangur þar með talin þeytilausn frá víravél í steypuskála og kvoða úr hreinsistöð kælivatnsins er sendur í sorpbrennslu hér á landi.

Þá var rætt um innihald brennisteins í súráli. Rekstraraðili tilkynnti Umhverfisstofnun í byrjun árs að óvenju hátt brennisteinsinnihald hefði mælst í súrálisfarmi í nóvember 2014. Í kjölfarið var haft samband við birgjann og leitað leiða til úrbóta. Aðferðir til að greina brennisteinsinnihald í súrálínu hafa verið í endurskoðun en í ljós kom að hingað til hefur hann verið ofáætlaður. Hluti þess brennisteins sem verður að COS kemur einnig til frádráttar á SO₂ losun í súráli. Síðustu tvær ársfjórðungsskýrslur hafa verið uppfærðar með tilliti til þessa.

Farið var yfir rekstur kerskála og þau umbótaverkefni sem staðið hafa yfir þar. Alcoa hefur gert tilraunir í vor með hækkun á afsogi í kerskála sem hafa reynst vel og munu þær tilraunir halda áfram. Öllu skipulegu viðhaldi sem getur haft áhrif á virkni reykahreinsivirkjana er lokið fyrir sumarið. Reglulega er farið í ástandsskoðun á síupokum og unnið eftir viðbragðsáætlunum. Unnið er að því að skipta út kerlokum í skála A. Utanaðkomandi aðili fer yfir skálann vikulega og yfirfer lokanir á kerjunum. Lögð hefur verið áhersla á þrif í kjallara undir kerskálum til að minnka rykmyndun í kerskála.

Rekstraraðili tilkynnti stofnuninni um óhapp í steypuskála þar sem að um 300 L af glussa lak í lokaða þró undir einum ofninum. Glussinn var hreinsaður upp með súráli og því komið til viðeigandi spilliefnamóttöku (um 2 tonn).

Á síðasta ári var PFC losun hærri en undanfarin ár. Að hluta til er það vegna utanaðkomandi rafmagnstruflanna en rekstraraðili hefur lagt áherslu á að bæta stöðugleika í kerjunum með breyttu vinnufyrirkomulagi við mötun og aftöppun kerja sem og við skautskipti.

Í lok fundarins var rætt um vatnshreinsikerfi fyrir kælivatn í steypuskála og þær mælingar sem rekstraraðili gerir reglulega á vatninu þar. Rætt var um örverumælingar og aðgerðir þeirra til að halda þeim í lágmarki. Ferillinn í vatnshreinsikerfinu hefur verið endurbættur með því markmiði að eima olíu betur út úr kerfinu.

Að lokum var farið í skoðunarferð um lóðina, farið var í kerskála og kjallara kerskála. Umgengni var almennt góð og ástand kerloka gott. Einnig var farið á söfnunarsvæði fyrir úrgang sem Sjónarás heldur utanum. Spilliefni eru geymd í tvöföldum gámum og á steypu undirlagi með lokaðri þró en aðrir gámar eru á malarplani. Þá var farið niður að lóðum við Hraun 7-9 sem eru ekki hluti af lóð rekstraraðila en þeir hafa verið að nýta sér engu að síður til geymslu á gámum

og framleiðsluúrgangi. Skoðunarferðin endaði svo í steypuskála þar sem að litið var á aðstæður þar sem að glussalekinn varð nú í vor.

Frávik frá

Grein 2.18 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Framleiðsluúrgangur, þ.m.t. spilliefni, eru geymd á lóðum að Hrauni 7 -9 en skv. starfsleyfi er rekstraraðila einungis heimilt að geyma framleiðsluúrgang, þar með talin spilliefni, sem bíða endurvinnslu eða flutnings á viðurkennda móttökustöð á sérstöku geymslusvæði án frárennslis, innan lóðar rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Þann 10.júní sl. fékk Umhverfisstofnun ábendingu um rykmyndun við löndun. Vísað var í löndun álflúoríðs sem þá stóð yfir sem og löndun í febrúar á súráli. Samkvæmt skráningum rekstraraðila voru ekki skráningar um óhöpp við löndun á þessum tíma, en stöðva þurfti löndun tímabundið í lönduninni nú í júní vegna veðuraðstæðna. Í grein 5.2 í starfsleyfi er kveðið á um að löndunar og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála skuli vera lokað með ryksöfnunarbúnaði við tengipunkta þannig að súrál sem berst út í umhverfið sé í lágmarki. Umhverfisstofnun telur ástæðu til að yfirfara verkferla við löndun vegna fenginnar reynslu, með það að markmiði að koma í veg fyrir rykmyndun eins og hægt er.

Reykjavík, 08.07.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.